

Fjárveitingar til fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks

Tilurð og niðurstaða úttektar

Ríkissjóður veitir í fjárlögum hvers árs nokkru fé til fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks af fjárlagalið 02-441. Áætlað framlag árið 2016 er 243,3 m.kr. Fjárveitingin rennur óskipt til Fjölmenntar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar ses. samkvæmt þjónustusamningi hennar við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá 4. desember 2015.

Fjölmennt var stofnuð árið 2002 þegar menntamálaráðuneyti gerði þjónustusamning við Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands um að yfirtaka starfsemi Fullorðinsfræðslu fatlaðra og stofna um hana sjálfseignarstofnun samkvæmt drögum að skipulagsskrá sem var fylgiskjal samningsins. Rekja má rætur Fullorðinsfræðslunnar til Þjálfunarskóla ríkisins sem sinnti grunnskólakennslu fyrir nemendur með þroskahömlun þar til sú kennsla fluttist til almennra grunnskóla. Fjárveiting til Fjölmenntar fyrsta árið var 141,2 m.kr. Auk þess voru veittar 5 m.kr. í undirbúningskostnað og 10 m.kr. til kaupa á stofnbúnaði.

Starfsemi Fjölmenntar heyrir undir lög nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu auk þess sem miðstöðin starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. Hún byggir á skipulagsskrá sem síðast var endurnýjuð árið 2010. Tilgangur starfseminnar er að stuðla að því að fötluðu fólki, 20 ára og eldra, sem þarfnast sérstaks stuðnings af þeim ástæðum, bjóðist fjölbreytt símenntun í formi náms eða námskeiða að loknu formlegu námi í skólakerfinu. Fjölmennt skal í starfi sínu taka mið af alþjóðlegum samþykktum um menntun fatlaðs fólks. Einnig skal hún taka mið af markmiðsgrein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Stjórn Fjölmenntar er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn, tveimur fulltrúum frá hvoru stofnfélagi og einum frá Háskóla Íslands. Dagleg stjórn er í höndum framkvæmdastjóra/forstöðumanns. Fjölmennt er að mestu rekin fyrir aðurnefndar fjárveitingar ríkisins.

Í ágúst 2015 hóf Ríkisendurskoðun forkönnun á nýtingu fjárveitinga ríkisins til Fjölmenntar. Ástæðan var beiðni Landsamtakanna Geðhjálpur sem höfðu áður gert athugasemd við mennta- og menningarmálaráðherra vegna starfshátta Fjölmenntar þar sem samtökin töldu miðstöðina veita of litlum

hluta fjárveitinga ríkisins til fræðslu fólks með geðfötlun. Jafnframt höfðu samtökin skorað á stjórnvöld að veita auknu fé til menntunarúrræða fyrir fatlað fólk og tryggja að sanngjarnt hlutfall af því rynni sannanlega til fólks með geðfötlun.

Ríkisendurskoðun aflaði gagna um starfsemi Fjölmenntar og kannaði lög, þjónustusamninga, ársreikninga og ársskýrslur. Þá var leitað upplýsinga um fjölda öryrkja hjá Tryggingastofnun ríkisins, Hagstofu Íslands og úr gögnum sveitarfélaganna um þjónustu við fatlað fólk. Loks ræddi stofnunin við fulltrúa Fjölmenntar, Geðhjálpur og mennta- og menningarmálaráðuneytis og sendi þeim drög að skýrslunni til umsagnar.

Að forkönnun lokinni telur Ríkisendurskoðun ekki tilefni til að aðhafast frekar að sinni. Að mati stofnunarinnar hefur Fjölmennt í meginatriðum unnið í samræmi við þjónustusamninga sína við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Nýr samningur, ásamt viðauka, var undirritaður 4. desember 2015 og gildir hann til 31. desember 2017.

Þjónustusamningar við Fjölmennt

Fyrsti þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Fjölmennt frá árinu 2002 rann út árið 2007 og tók nýr samningur gildi árið 2011. Samkvæmt fylgiskjali hans, sem unnið var eftir fram í desember 2015, er markhópur miðstöðvarinnar fatlað fólk, 20 ára og eldra, sem þarfnast sérstaks stuðnings til náms. Sérstaklega eru tilgreindir þeir sem þarfnast stuðnings vegna þroskahömlunar, einhverfu, geðfötlunar og fjölfötlunar af ýmsum toga. Með þeim samningi var lögð aukin áhersla á ráðgefandi hlutverk Fjölmenntar og samstarf við aðrar símenntunarstofnanir auk eigin námskeiðahalds.

Samkvæmt nýjum þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis frá desember 2015 er markhópur Fjölmenntar sá sami og áður. Ekki eru þó sérstaklega tilgreindir einstakir hópar. Fjölmennt skal gera grein fyrir umfangi þjónustunnar í árlegum áætlunum til ráðuneytisins þar sem m.a. komi fram helstu starfsmarkmið og hvernig framlaginu verði ráðstafað. Í viðauka samningsins er m.a. tekið fram að unnið skuli að nýrri nálgun fyrir fólk með geðfötlun. Nemendum hafi fækkað verulega undan-

farin ár og af ýmsum ástæðum sé brýnt að endurskoða skipulag námsins.

Samstarf Fjölmenntar og Geðhjálp

Haustið 2002 leituðu forsvarsmenn Geðhjálp eftir því að Fjölmennt þjónaði markhópi þeirra. Í byrjun árs 2003 var efnt til tímabundins samstarfsverkefnis og hugðist Geðhjálp leggja til húsnæði og fé vegna þess. Verkefnið fékk 2 m.kr. framlag frá Starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytis. Þar sem það dugði ekki til lagði Fjölmennt til hluta af stofnfé sínu og rekstrarafgangi frá árinu 2002. Vorið 2004 ákvað stjórn Fjölmenntar að ekki yrði framhald á verkefninu þar sem ekki hefði fengist fé til þess og ekki hefði staðið til að það yrði tekið af framlagi sem ætlað væri upphaflegum markhópi.

Þá ákvað þáverandi ríkisstjórn ásamt menntamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að styrkja verkefnið sérstaklega um alls 6 m.kr. Árið 2005 fengust 12 m.kr. til þess og árið 2006 veitti menntamálaráðuneyti 2 m.kr. styrk. Eftir það hefur ekki verið veitt sérstakt fé til að þjóna fólki með geðfötlun. Sú þjónusta hefur þó verið veitt áfram í samræmi við áður nefndan þjónustusamning frá 2007. Fjölmennt áætla að um 12 m.kr. af fjárframlagi ríkisins árið 2015 hafi runnið beint til þeirrar þjónustu, þ.e. um 5% af heildarframlagi ríkisins sem þá var 235,8 m.kr. Bent skal á að í þeim útreikningi er ekki tekið tillit til annars kostnaðar við rekstur Fjölmenntar, s.s. stjórnunar, húsnæðis, kennslubúnaðar og reksturs ráðgjafadeildar.

Þjónusta Fjölmenntar

Námskeið fyrir fólk með þroskahömlun og fólk á einhverfurófi á höfuðborgarsvæðinu fer fram í húsnæði Fjölmenntar og hjá Mími-símenntun. Þá fer íþrótt-, sund- og danskennsla fram í íþróttahúsum og sundlaugum. Á landsbyggðinni eru námskeiðin haldin hjá símenntunarstöðvum. Miðstöðin gerir samstarfssamninga við viðkomandi aðila um tiltekin verkefni og greiðir laun kennara. Fjölmennt hefur bent á að fólk með geðfötlun eigi ekki námslega samleið með fólki með þroskahömlun eða á einhverfurófi. Af þeim sökum fari kennsla þessa hóps að mestu fram utan Fjölmenntar.

Sértæk þjónusta Fjölmenntar við fólk með geðfötlun hefur undanfarin ár falið í námskeiðum sem haldin eru í samstarfi við ýmsa aðila á höfuðborgarsvæðinu, t.d. Myndlistarskóla Kópavogs og Tölvuskólann Promennt, og símenntunarstöðvar úti á landi. Haustið 2015 voru námskeið á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við eftirfarandi athvörf fyrir fólk með geðfötlun: Hlutverkasetur – starfsendurhæfingarstöð, Hugarafi – geðrækt, Læk – athvarf fyrir fólk með geðraskanir, Dvöl – athvarf fyrir fólk með geðraskanir og Geysi – samtök um vinnu og verk-

þjálfun. Þetta var gert með þægindi þeirra sem sækja námskeiðin í huga, til að stutt sé að sækja þau og til að vera í umhverfi sem styður fólk með geðfötlun. Veturinn 2014–15 bauð Fjölmennt tæplega 1.700 námskeiðspláss. Um 12% þeirra voru sérstaklega ætluð fólki með geðfötlun.

Fjöldi fatlaðs fólks

Ekki liggja fyrir opinberar, samræmdar tölur um fjölda fatlaðs fólks með sértækar þarfir. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun Íslands í september 2015 voru öryrkjar á aldrinum 18–66 ára um 17.500, þ.e. með örorkumat yfir 75%. Af þeim voru 38% (6.650) með geðraskanir sem aðalástæðu örorku en 24% (4.300) með geðraskanir sem einu ástæðu hennar. Á vef Hagstofu Íslands kemur fram að árið 2013 hafi um 2.900 einstaklingar 18 ára og eldri fengið þjónustu hjá sveitarfélögum vegna fötlunar. Samkvæmt könnun sem gefin var út í nóvember 2013 ([þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk: Tölulegar upplýsingar vegna ársins 2011](#)) voru þjónustuþegar 18 ára og eldri þá rúmlega 2.700 og voru um 18% (486) þeirra með geðfötlun.

Til að meta stærð þess hóps sem Fjölmennt á að þjóna er nærtækast að horfa til þeirra sem njóta þjónustu sveitarfélaga vegna fötlunar. Árið 2013 var um að ræða 2.900 einstaklinga og miðað við tölur frá 2011 má áætla að fólk með geðfötlun hafi verið 18–20% þeirra. Það er heldur hærra hlutfall en nýtur þjónustu Fjölmenntar. Í því sambandi þarf þó að hafa í huga að markhópur Fjölmenntar eru þeir sem þurfa „sérstakan stuðning til náms sökum fötlunar“ en ekki allir fatlaðir. Miðstöðin bendir einnig á að margir eru fjölfatlaðir, t.d. er fólk á einhverfurófi oft með þunglyndi og geðræn vandamál en sækir nám með fólki með þroskahömlun. Þá séu önnur úrræði fyrir fólk með geðfötlun mun fleiri en fyrir þroskahamlaða og mikið fatlaða sem í raun hafi engin önnur úrræði til að sækja sér fullorðinsfræðslu.

Í ljósi alls þessa telur Ríkisendurskoðun að Fjölmennt hafi í meginatriðum sinnt fólki með geðfötlun í samræmi við þjónustusamninga sína við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar með er þó ekki sagt að þessi hópur fái fullnægjandi þjónustu og hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að kanna þá þörf.